



Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 12. mars 2024

Efni: Umsögn um breytingu á lögum um virðisaukaskatt og lögum um kílómetragjald vegna notkunar hreinorku- og tengitvinnbifreiða (sala á skattskyldri þjónustu til erlendra aðila, kílómetragjald o.fl.)

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt og lögum um kílómetragjald vegna notkunar hreinorku- og tengitvinnbifreiða, mál nr. S-68/2024. Samtökin styðja þær breytingar sem boðaðar eru í frumvarpinu en leggja áherslu á nokkur atriði hér í framhaldi.

SI hafa á undanförnum árum bent á atriði sem óvissa hefur verið um í skattframkvæmd hér á landi. Hefur þetta komið niður á verðmætasköpun, valdið óvissu hjá fyrirtækjum sem og hamlað erlendra fjárfestingu. Meðal annars hafa komið fram ábendingar er varða gildissvið 10. tölul. 12. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt (vskl.) og er því jákvætt að það eigi að bregðast við þeim með frumvarpi þessu. SI telja afar mikilvægt að dregið verði úr óvissu um tilhögun skattlagningar þegar þjónusta er seld til atvinnufyrirtækja, sem hvorki hafa heimilisfesti hér á landi né stunda hér atvinnustarfsemi frá fastri starfsstöð, og að ákvæðið verði í samræmi við meginstef fjarlægðarreglunnar (e. destination principle). Það mun leiða til aukins skýrleika og skilvirkni í skattframkvæmd og aukinnar samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja sem flytja út þjónustu og skapa útflutningstekjur.

Að þessu sögðu vilja samtökin leggja áherslu á aukinn skýrleika er varðar orðalag a-liðar 2. málsl. 1. mgr. 12. gr. vskl. er kveður m.a. á um þjónustu um milligöngu um sölu, leigu og annars konar afnot eða réttindi yfir fasteignir og fylgifé þeirra eða mannvirki eða greiðslu fyrir afnot eða réttindi yfir fasteign eða mannvirki, sbr. þó 8 tl. 3. mgr. 2. gr. Að mati SI skilur orðalag greinarinnar eftir þó nokkuð rými til túlkunar á því hvað telst „fylgifé“ eða hvað felist í „afnotum“ og „réttindum“. Samtökin vilja í því ljósi leggja til eftirfarandi breytingar:

- i. orðið „fylgifé“ verði fellt úr frumvarpstextanum eða að lögskýringargögn skýri sérstaklega hvað teljist „fylgifé“ í þessum skilningi, og;
- ii. lögskýringagögn kveði á um hvers kyns afnot eða réttindi um ræðir til að auka skýrleika og sporna gegn víðtækri túlkun skattayfirvalda. Rétt er að hnykkja sérstaklega á því t.d. að aðstöðuleiga falli ekki hér undir nema í henni felist að



Þjónustukaupi eða leigutaki hafi til eigin afnota sérgreindan og afmarkaðan hluta fasteignar sem sé almennt ekki öðrum aðgengilegur og að fasteignaleigan sem í henni felst sé ráðandi hluti þeirrar þjónustu sem um ræðir. Má hér m.a. líta til efnis og orðalags í framkvæmdareglugerð Evrópuráðsins (ESB), nr. 282/2011, um sama efni.

Mikilvægt er að litið sé til raunverulegs umráðaréttar eiganda fasteignar eða mannvirkis. Sé það ekki gert, getur orðið réttaróvissa vegna svigrúms skattyfirvalda til túlkunar í þeim tilfellum þar sem erlendum atvinnufyrirtækjum er seldur aðgangur að aðstöðu til hýsingar á lausafé. Á þetta við í þeim tilfellum þar sem afnotaréttur erlends kaupanda er það takmarkaður að ómögulegt er að jafna honum við raunveruleg umráð eiganda aðstöðu. Þessi afmörkun er til samræmis við túlkun Evrópudómstólsins í máli C-215/19 þar sem sala á aðstöðu undir netþjóna innan fasteignar var ekki talin skapa umráðarétt á fasteign sem jafna mætti við raunverulegan umráðarétt hjá eiganda fasteignar.

Alla jafna er það mat SI að breytingar á 1. mgr. 12. gr. séu jákvæðar og svari knýjandi þörf um aukinn skýrleika laganna. Samtökin fagna því tilkomu þessa frumvarps og telja mikilvægt að það nái fram að ganga.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka iðnaðarins,

A handwritten signature in blue ink, reading 'Lilja Björk Guðmundsdóttir', written over a horizontal line.

Lilja Björk Guðmundsdóttir
Yfirlögfræðingur SI